

# Lög

**um breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð  
í sakamálum, nr. 13/1984 (einföldun málsmeðferðar).**

---

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að gera samninga við önnur ríki og alþjóðastofnanir um skyldu til framsals og um aðra aðstoð í sakamálum sem og yfirtöku saksóknar með ákveðnum skilyrðum sem þó mega ekki ganga gegn ákvæðum laga þessara.

Framsal og önnur aðstoð í sakamálum sem og yfirtaka saksóknar er heimil samkvæmt lögum þessum þótt ekki sé það skylt samkvæmt samningi sem Ísland hefur gert þar að lútandi við viðkomandi ríki eða alþjóðastofnun. Um málsmeðferð slíkra mála fer eftir lögum þessum eftir því sem við á. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort verða eigi við beiðni um yfirtöku saksóknar og hvort óska eigi eftir yfirtöku saksóknar erlendis. Fallist ríkissaksóknari á beiðni um yfirtöku saksóknar ákveður ríkissaksóknari hvaða embætti tekur við meðferð málsins.

- b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Gildissvið.*

## 2. gr.

Í stað 2. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 2. og 3. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

- a. (2. gr.)

*Íslenskir ríkisborgarar.*

Ekki má framselja íslenska ríkisborgara.

- b. (3. gr.)

*Tengsl við lög um meðferð sakamála.*

Þegar annað er ekki tekið fram í lögum þessum gilda ákvæði laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

## 3. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur nýr kafli, II. kafli, **Skilyrði fyrir framsali**, með níu greinum, 3.–11. gr. laganna, sem verða 4.–12. gr., ásamt fyrirsögnum.

## 4. gr.

3. gr. laganna, sem verður 4. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Skilyrði framsals*.

## 5. gr.

4. gr. laganna, sem verður 5. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Herlagabrot*.

## 6. gr.

5. gr. laganna, sem verður 6. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Stjórnmálaafbrot*.

## 7. gr.

6. gr. laganna, sem verður 7. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Hætta á ofsóknum og ofríki*.

## 8. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Mannúðarástæður*.

## 9. gr.

8. gr. laganna, sem verður 9. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Bann við endurtekinni málsméðferð*.

## 10. gr.

9. gr. laganna, sem verður 10. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Fyrning*.

## 11. gr.

10. gr. laganna, sem verður 11. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Framsal og samspil við fyrri dóma og afplánun*.

## 12. gr.

11. gr. laganna, sem verður 12. gr., orðast svo, ásamt fyrirsögn:  
*Skilyrði fyrir framsali*.

Setja skal eftirfarandi skilyrði fyrir framsali:

1. Að ekki verði höfðað mál gegn hinum framselda manni eða hann láttinn taka út refsingu eða framseldur til þriðja ríkis fyrir annan refsiverðan verknað sem framinn var áður en til framsals kom nema:
  - a. ráðherra heimili það, sbr. 22. gr., eða
  - b. hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því sem hann var framseldur til enda þótt hann hafi átt þess kost að fara þaðan óhindraður í minnst 45 daga eða
  - c. hann hafi horfið aftur til lands þess sem hann var framseldur til eftir að hann hafði farið úr landi.
2. Að án leyfis ráðherra megi ekki reka mál hins framselda manns fyrir bráðabirgða-dómstólum eða dólmstól sem aðeins hefur heimild til að fjalla um viðkomandi afbrot eða sérstök undantekningartilfelli.

3. Að óheimilt sé að fullnægja dauðarefsingu gagnvart hinum framselda manni.  
Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir framsali.

13. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Almenn ákvæði.**

14. gr.

Í stað II. og III. kafla laganna, ásamt fyrirsögnum, kemur nýr kafli sem verður III. kafli, **Meðferð framsalsmála**, með átta nýjum greinum, 13.–20. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (13. gr.)

*Beiðni um framsal.*

Beiðni um framsal skal fara á milli ráðuneyta dómsmála nema annað leiði af samningi við viðkomandi ríki.

Beiðni um framsal skal innihalda upplýsingar um:

- a. nafn, heimilisfang, símanúmer og netfang þess sem hefur gefið framsalsbeiðnina út,
- b. persónuauðkenni og ríkisfang þess eftirlýsta,
- c. hvort til staðar sé endanleg dómsniðurstaða, handtökuskipun eða önnur ákvörðun sem hefur sömu réttaráhrif og handtökuskipun samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkis,
- d. eðli afbrotsins með vísun til þeirra refsíákvæða sem við eiga um verknaðinn,
- e. við hvaða aðstæður afbrot var framið, hvar og hvenær og hver þáttur þess eftirlýsta var í því,
- f. dæmda refsingu eða refsiramma sem gildir um afbrotið í því ríki sem gaf framsalsbeiðnina út og
- g. aðrar afleiðingar afbrotsins eftir því sem unnt er.

Framsalsbeiðni sem gefin er út til Íslands skal vera rituð á íslensku eða ensku eða henni skal fylgja þýðing á öðru hvoru tungumálínú.

Með beiðni um framsal til meðferðar máls skal fylgja handtökuskipun eða önnur ákvörðun sem hefur sömu réttaráhrif og handtökuskipun samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkis.

Með beiðni um framsal manns til fullnustu á dómi skal endanleg dómsniðurstaða fylgja eða staðfest eintak hans.

Skilyrði 2., 4. og 5. mgr. eiga einnig við um beiðnir sem sendar eru frá íslenskum stjórnvöldum.

b. (14. gr.)

*Meðferð framsalsbeiðna.*

Telji ráðherra að hafna beri beiðni á grundvelli upplýsinga sem þar koma fram og þeim upplýsingum er henni fylgja skal það gert þá þegar.

Ef beiðni er ekki hafnað skv. 1. mgr. sendir ráðherra ríkissaksóknara beiðnina til frekari meðferðar og ber honum að sjá til þess að nauðsynleg löggreglurannsókn fari þegar fram.

Samþykki sá sem óskast framseldur til ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu framsal getur hann jafnframt lýst því yfir að heimilt sé að höfða mál gegn honum eða láta hann taka út refsingu í ríkinu, sem biður um framsal, fyrir annan refsiverðan verknað en þann sem greinir í framsalsbeiðni. Slík yfirlýsing er bindandi nema viðkomandi falli frá samþykki fyrir

framsali. Samþykki og yfirlýsing skulu bókuð og samþykkt skriflega hjá löggreglu, ákæruvaldi eða í dómi.

c. (15. gr.)

*Pvingunarráðstafanir í þágu meðferðar framsalsmála.*

Við rannsókn löggreglu vegna framsalsbeiðna má beita þeim þvingunarráðstöfunum sem lög um meðferð sakamála heimila við rannsókn sambærilegra mála.

Við ákvörðun um hvort skilyrði séu til að beita þvingunarráðstöfun má leggja til grundvallar þær dómsúrlausnir sem beiðni fylgja án frekari rannsóknar um sönnun sakar þess sem þvingunarráðstöfun beinist að.

Þvingunarráðstöfunum skv. 1. mgr. má beita á meðan beiðni um framsal er til meðferðar skv. 14. gr. og þar til ákvörðun um framsal kemur til framkvæmdar skv. 19. gr.

d. (16. gr.)

*Tilnefning og skipun verjanda.*

Við rannsókn sem fer fram skv. 2. mgr. 14. gr. skal löggregla tilnefna hinum eftirlýsta verjanda.

Dómari skal skipa hinum eftirlýsta verjanda ef hinn eftirlýsti eða ríkissaksóknari óska þess. Dómari getur einnig af sjálfsdáum skipað verjanda ef honum þykir ástæða til.

Þóknun verjanda og annar sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði. Dómari getur þó ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að viðkomandi maður skuli greiða kostnaðinn.

e. (17. gr.)

*Ákvörðun um framsal og birting.*

Að lokinni rannsókn sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 14. gr. sendir ríkissaksóknari öll gögn málsins ásamt álitsgerð til ráðherra sem tekur ákvörðun um hvort framsal skuli heimilað.

Ákveði ráðherra að verða við beiðni um framsal skal birta ákvörðunina fyrir þeim sem óskast framseldur og tilkynna honum um rétt hans til að krefjast úrskurðar um hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi í samræmi við 18. gr. Ríkissaksóknari hlutast til um birtingu ákvörðunar ráðherra.

f. (18. gr.)

*Endurskoðun framsalsákvörðunar fyrir dómi.*

Sá sem framselja skal getur krafist úrskurðar héraðsdóms um hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi innan eins sólarhrings frá birtingu til ríkissaksóknara eða ráðherra. Skal ríkissaksóknari þá bera undir héraðsdóm til úrskurðar hvort ákvörðunin sé lögum samkvæmt og skilyrði fyrir framsali uppfyllt. Ráðherra getur, mæli sérstakar ástæður með því, samþykkt að ákvörðunin verði lögð fyrir dómi þótt beiðni berist eftir að frestur er liðinn. Fyrir héraðsdómi verður málið rekið samkvæmt ákvæðum XXVII. kafla laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og fer ríkissaksóknari með málið af hálfu ríkisvaldsins.

Úrskurð héraðsdóms er unnt að kæra til Landsréttar samkvæmt lögum um meðferð sakamála að öðru leyti en því að kærufrestur er einn sólarhringur.

## g. (19. gr.)

*Framkvæmd ákvörðunar um framsal.*

Þegar ráðherra hefur ákveðið að verða við beiðni um framsal skal ríkissaksóknara falið að koma ákvörðun um framsal til framkvæmdar svo fljótt sem unnt er.

Hafi úrskurðar verið krafist innan lögmælts frests eða undanþága leyfð skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.

Til að tryggja framkvæmd framsals skal handtaka viðkomandi, ef hann er ekki þegar í haldi, og úrskurða í gæsluvarðhald þar til framsal fer fram.

Úrskurður um þvingunarráðstöfun skal þó ekki gilda lengur en í fjórar vikur eftir að ákvörðun um framsal hefur verið endanlega staðfest með úrskurði. Getur héraðsdómur þó ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að þvingunarráðstöfunum skuli beitt um tiltekinn lengri tíma.

## h. (20. gr.)

*Haldlagning og afhending muna.*

Ríkissaksóknari skal láta leggja hald á mun og afhenda hann þegar munurinn telst hafa þýðingu sem sönnunargagn í málinu sem tilgreint er í framsalsbeiðni eða er ágóði af refsiverða verknaðinum. Sama gildir um aðra hluti eða ágóða sem heimilt er að gera upptæka samkvæmt ákvæðum VII. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar ríkið sem gefið hefur framsalsbeiðni út krefst þess og þeir mundu sæta upptöku samkvæmt lögum þess ríkis sem gaf beiðnina út.

Ákvæði 1. mgr. gilda þótt eftirlýstur maður sé láttinn eða horfinn.

Ríkissaksóknari getur látið halda mun skv. 1. mgr. eða afhent hann tímabundið þegar hann telst hafa þýðingu vegna sönnunar í tengslum við mál sem rekið er hér á landi.

Afhending hefur ekki áhrif á gildandi réttindi varðandi muninn. Heimilt er að setja skilyrði fyrir afhendingu ef það er nauðsynlegt til að verja slík réttindi.

## 15. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Aðrar ákvarðanir í tengslum við framsal**, með tveimur nýjum greinum, 21. og 22. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

## a. (21. gr.)

*Alþjóðleg eftirlýsing.*

Sé maður eftirlýstur af yfirvöldum í erlendu ríki vegna þess að hann er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað sem orðið gæti grundvöllur framsals samkvæmt lögum þessum má beita hann þvingunarráðstöfun laga um meðferð sakamála á sama hátt og væri hann makaður um samsvarandi afbrot hér á landi. Sömu aðgerðum má beita ef viðkomandi yfirvöld tilkynna að þau muni krefjast framsals fyrir verknaðinn.

Ákvörðun um þvingunarráðstafanir skal þegar tilkynnt ráðherra. Ráðherra getur, að höfðu samráði við ríkissaksóknara, ákveðið að þvingunarráðstöfunum skuli ekki beitt ef hann telur að framsalsgrundvöllur sé ekki til staðar. Ef ráðherra ákveður ekki að þvingunarráðstafanir skuli felldar niður skal hann hlutast til um að erlenda ríkinu verði tilkynnt um þær og að þær verði felldar niður ef framsalsbeiðni berst ekki svo fljótt sem verða má. Ef framsalsbeiðni hefur ekki borist innan 30 daga frá því að tilkynning var send skulu þvingunarráðstafanir felldar niður. Ef sérstaklega stendur á er heimilt að lengja frest.

b. (22. gr.)

*Málsmeðferð vegna annarra afbrota en framselt var fyrir.*

Ráðherra getur samkvæmt beiðni heimilað, eftir að hafa fengið álitsgerð frá ríkissaksóknara, að höfðað verði mál gegn þeim sem framseldur er samkvæmt lögum þessum eða hann láttinn taka út refsingu fyrir annan refsiverðan verknað sem framinn er áður en til framsals kom og framselt var fyrir. Það sama gildir um samþykki til að hann verði framseldur áfram til þriðja ríkis fyrir refsiverðan verknað sem framinn var áður en hann var framseldur héðan.

Samþykki má því aðeins veita ef til framsals hefði getað komið fyrir verknaðinn samkvæmt lögum þessum. Ákvæði 16. og 18. gr. gilda einnig um veitingu slíks samþykkis eftir því sem við á.

Samþykki til að viðkomandi maður verði framseldur áfram til Danmerkur, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar eða annarra aðildarríkja að evrópsku handtökuskipuninni er þó heimilt að veita ef skilyrði laga um handtöku og afhendingu manna til og frá Íslandi vegna refsiverðra verknaða á grundvelli handtökuskipunar eru til staðar.

Í beiðni um samþykki skv. 1. mgr. skulu vera sömu upplýsingar og um getur í 13. gr. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um að viðkomandi manni hafi verið kunngerður réttur hans skv. 16. og 18. gr. eftir því sem við á og um hvort hann óski eftir að notfæra sér þann rétt.

Þegar krafist er dómsúrskurðar um hvort skilyrði laga eru til staðar er óheimilt að veita samþykki fyrr en endanlegur dómsúrskurður liggur fyrir. Slík mál skulu lögð til úrskurðar í héraðsdómi.

Samkvæmt beiðni getur ráðherra leyft að um mál hins framselta manns sé fjallað af bráðabirgðadómstól eða öðrum dómstól, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., en einungis ef það er talið óhætt vegna málsmeðferðar fyrir þeim dómstól.

16. gr.

Í stað IV. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, V. kafli, **Beiðni um alþjóðlega réttaraðstoð**, með tveimur nýjum greinum, 23. og 24. gr., ásamt fyrirsögnum, og VI. kafli, **Aðrar ákvarðanir í tengslum við alþjóðlega réttaraðstoð**, með sex nýjum greinum, 25.–30. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (23. gr.)

*Skilyrði fyrir beiðni um réttaraðstoð.*

Til að afla sönnunargagna til notkunar í sakamáli í öðru ríki eða hjá alþjóðastofnun er óheimilt að ákveða að ákvæðum laga um meðferð sakamála skuli beitt á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum sem rekin eru hér á landi samkvæmt skriflegri réttarbeiðni. Að sama skapi er íslenskum löggæsluyfirvöldum heimilt að óska eftir réttaraðstoð erlendra yfirvalda eða alþjóðastofnana til að afla sönnunargagna til notkunar í refsímalí hér á landi samkvæmt skriflegri réttarbeiðni.

Réttarbeiðni skal uppfylla skilyrði sem sett eru í þeim samningum sem Ísland er aðili að og beiðnin grundvallast á. Í beiðni skulu vera upplýsingar um tegund afbrots og hvar og hvenær það var framið. Sé beiðni sett fram án samnings eða á grundvelli gagnkvæmni skal hún uppfylla þau skilyrði sem tilgreind eru í samningi Evrópuráðsins frá 20. apríl 1959 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamánum og viðbótarbókunum við hann.

Óheimilt er að verða við réttarbeiðni ef verknaðurinn sem hún er tilkomin vegna eða sambærilegur verknaður er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt

ákvæðum í 6.–9. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Einnig er óheimilt að verða við réttarbeiðni ef samþykki hennar yrði talið leiða af sér brot á almannafriði, allsherjarreglu eða öðrum mikilvægum hagsmunum ríkisins. Síðara skilyrði 1. málsl. gildir ekki gagnvart ríkjum sem taka þátt í Schengen-samstarfinu. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð gildir ekki heldur fyrra skilyrði 1. málsl.

b. (24. gr.)

*Málsmeðferð.*

Beiðni um réttaraðstoð frá erlendu ríki eða alþjóðastofnun skal send ríkissaksóknara, nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki eða alþjóðastofnun. Beiðni skal hafnað ef skilyrði 23. gr. eru ekki uppfyllt eða ef ljóst er að ekki er hægt að verða við henni, svo sem ef afbrot er smávægilegt og ef rannsókn hefur í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað. Sé beiðni ekki hafnað skal ríkissaksóknari hlutast til um að beiðninni verði framfylgt og nauðsynleg rannsókn eða gagnaöflun fari þegar fram hjá löggreglu.

Beiðni íslenskra löggæsluyfirvalda um réttaraðstoð til erlends ríkis eða alþjóðastofnunar skal einnig send ríkissaksóknara, sem hefur milligöngu um að beiðnin sé send til viðeigandi yfirvalda í því ríki eða hjá þeirri stofnun.

Hraða skal afgreiðslu réttarbeiðna eins og mögulegt er. Ef tímafreistir eru tilteknir í beiðni, sem ekki er unnt að verða við, skal ríkissaksóknari upplýsa ríkið eða stofnunina sem lagði fram beiðnina svo fljótt sem verða má um hvenær hægt sé að verða við beiðninni og tilgreina ástæður þess að ekki sé hægt að verða við beiðninni innan umbeðins frests.

Fylgja skal þeirri málsmeðferð sem það ríki eða stofnun sem leggur fram beiðni tilgreinir sérstaklega að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við íslensk lög.

Verða skal við beiðnum um skýrslutöku vitna eða sérfræðinga í gegnum síma og fjarfundarbúnað eftir því sem unnt er. Skýrslutaka í síma skal einungis leyfð ef viðkomandi vitni eða sérfræðingur samþykkir.

Að lokinni afgreiðslu beiðninnar sendir ríkissaksóknari ríkinu eða stofnuninni sem lagði fram beiðni öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það.

Ef það er líklegt að maður, sem dvelur á Íslandi og sem ekki er grunaður vegna málsins, hafi með lögmætum hætti þann mun sem leggja skal hald á skal afhending hans til yfirvalda annars ríkis háð því skilyrði að hann, án kostnaðar, skuli sendur til baka þegar meðferð málsins er lokið.

c. (25. gr.)

*Timabundinn flutningur manns í haldi til erlends ríkis.*

Vegna meðferðar refsímals í öðru ríki er ráðherra heimilt samkvæmt beiðni, og að tillögu ríkissaksóknara, að ákveða að maður sem hér á landi er fangelsaður eða sviptur frelsi með úrskurði eða dómi vegna refsiverðs verknaðar skuli tímabundið fluttur til annars ríkis til þess að mæta þar eingöngu sem vitni í þágu öflunar sönnunargagna í refsímalí því sem beiðni varðar, með þeim skilyrðum sem greinir í 2. mgr.

Setja skal þau skilyrði fyrir flutningi að fanginn verði fluttur til baka innan frests sem til-taka ber um leið og beiðni um flutning er samþykkt og:

- að ekki skuli hafin rannsókn í máli gegn honum meðan hann dvelur í hinu ríkinu,
- að honum verði ekki refsáð þar eða
- að hann verði ekki framseldur áfram fyrir verknað sem framinn var áður en flutningur átti sér stað.

Heimilt er að hafna beiðni um flutning manns skv. 1. mgr. ef:

- a. hann samþykkir ekki flutning,
- b. nærvera hans telst nauðsynleg vegna refsímáls sem rekið er hér á landi,
- c. flutningur kann að lengja frelsisskerðingu hans eða
- d. fyrir hendi eru aðrar mikilvægar ástæður fyrir því að verða ekki við beiðninni.

d. (26. gr.)

*Flutningur fanga til Íslands vegna rannsóknaraðgerða.*

Að tillögu ríkissaksóknara má semja við annað ríki um að flytja megi mann sem fangels-  
aður er í öðru ríki til Íslands, enda hafi hann samþykkt flutninginn, í því skyni að hann gefi  
skýrslu eða verði þáttakandi í annarri rannsóknaraðgerð í þágu sakamáls sem hér er rekið  
eða í þágu sakamáls sem rekið er í öðru ríki.

e. (27. gr.)

*Heimild til að semja við erlend ríki um að senda einstaklingum  
hér á landi tilkynningar eða málsskjöl.*

Íslensk stjórnvöld geta heimilað yfirvaldi í erlendu ríki að senda einstaklingi hér á landi  
tilkynningu eða málsskjöl vegna rannsóknar eða meðferðar sakamáls bréflega eða rafrænt.

Með tilkynningum eða málsskjölum skulu fylgja upplýsingar um að móttakandi geti  
fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur er leiðir af skjalinu hjá yfirvaldinu sem gaf það  
út eða öðrum yfirvöldum í viðkomandi ríki. Sé ástæða til að ætla að viðtakandi skilji ekki  
tungumálið sem skjal erritað á skal þýða skjalið eða meginnefni þess á íslensku eða annað  
tungumál sem erlendu yfirvaldi er kunnugt um að viðtakandi skilur.

f. (28. gr.)

*Refsiábyrgð opinberra starfsmanna.*

Nú tekur erlendor opinber starfsmaður þátt í rannsókn eða meðferð sakamáls hér á landi  
og gilda þá um hann ákvæði XII. og XIV. kafla almennra hegningarlaga eftir því sem við  
getur átt.

g. (29. gr.)

*Skaðabótaskylda vegna tjóns erlends starfsmanns erlends ríkis hér á landi.*

Valdi opinber starfsmaður annars aðildarríkis tjóni við framkvæmd starfa á Íslandi skv.  
12. og 13. gr. samnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 á milli aðildar-  
ríkja Evrópusambandsins eða skv. 18. og 20. gr. 2. viðbótarbókunar frá 8. nóvember 2001  
við samning Evrópuráðsins frá 20. apríl 1959 um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum sem  
er skaðabótaskyldt samkvæmt íslenskum rétti greiðast bætur vegna tjónsins úr ríkissjóði.

h. (30. gr.)

*Samstarf við erlend löggæsluyfirvöld, erlenda ákærvaldshafa og alþjóðastofnanir.*

Íslenskum yfirvöldum er heimilt að gera samninga um sameiginlega rannsóknarhópa með  
löggæsluyfirvöldum og ákærvaldshöfum annarra ríkja og alþjóðastofnana um tiltekin verk-  
efni og um tiltekinn tíma, sem hægt er að framlengja með samþykki allra hlutaðeigandi ríkja.

17. gr.

24.–26. gr. laganna falla brott.

## 18. gr.

27. gr. laganna, sem verður 31. gr., orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf við erlend löggæslufirvöld, erlenda ákærvaldshafa og alþjóðastofnanir, svo sem um sameiginlega rannsóknarhópa skv. 30. gr.

## 19. gr.

28. gr. laganna, sem verður 32. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Gildistaka.*

## 20. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna fellur brott.

## 21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2025.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur framsal átt sér stað og beiðnir um aðstoð í sakamálum framkvæmdar í þeim mæli sem Ísland hefur skyldu til samkvæmt samningum gerðum fyrir gildistöku laga þessara við önnur ríki.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gildir um beiðnir um réttaraðstoð í sakamálum sem bárust ráðherra fyrir gildistöku laga þessara að þær verði afgreiddar hjá ríkissaksóknara.

## 22. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, nr. 43/2001.*  
Í stað tilvísunarinnar „II. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: III. kafla laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.
2. *Lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsídóma, nr. 56/1993.* Á eftir 25. gr. laganna kemur ný grein, 25. gr. a, svohljóðandi:

Mann, sem í öðru landi sætir fullnustu fangelsisdóms sem kveðinn var upp hér á landi, má flytja til Íslands, með samþykki hans, til þess að hann geti verið viðstaddir endurupptöku málsins sem leiddi til fangelsisdómsins. Ákvæði laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum gilda eftir því sem við getur átt.

---

*Samþykkt á Alþingi 6. júní 2025.*